

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 22. ágúst 2023

Þann 22. ágúst var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 92,8% grunnstöðugilda í leikskólum, 96,9% í grunnskólum og um 68,9% í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 109,4 grunnstöðugildi í leikskólum, 75,5 stöðugildi í grunnskólum og 84 stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Hafa ber í huga að stjórnendur eru að fara að fá í hendur uppfærðar upplýsingar um heildarstöðugildafjölda sem þeir mega ráða samkvæmt reiknilíkönunum með tilliti til samsetningar barnahópsins á hverjum stað. Þessar tölur eru því birtar með fyrirvara um breytingar. Staðan verður skýrari í byrjun september.

	Austurmiðstöð	Norðurmiðstöð	Suðurmiðstöð	Vesturmiðstöð	Samtals
Leikskóli	39,2	25,0	14,7	30,6	109,4
Grunnskóli	21,3	25	9,8	19,4	25,0
Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	25,5	32,5	11,5	14,5	84,0
Fjöldi stm í fríst.starfi	51	75	23	29	178

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 22. ágúst 2023

Í leikskóla á eftir að ráða í 109,4 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborett við 122 þann 25. ágúst 2022. Að auki á eftir að ráða í samtals 34,3 stöðugildi í eldhús og vegna afleysinga vegna undirbúningstíma og skammtímaveikinda. Samtals á því eftir að ráða í 143,7 stöðugildi sem er aðeins lægra en þau 153,7 stöðugildi sem átti eftir að ráða í þann 25. ágúst fyrir ári síðan. Spurningin sem leikskólastjórar svöruðu var hvað vantar mikið af stöðugildum í dag þriðjudaginn 22. ágúst, þannig að fullmannað sé miðað við að öll börnin hafi hafið vistun, þ.e þau börn sem eru í vistun í dag og þau sem búið er að bjóða vistun. Því byggja ofangefnar tölur á þeim degi en jafnframt gáfu leikskólastjórar upp að búið er að ganga frá ráðningu í 28,1 stöðugildi en það starfsfólk hefur ekki hafið störf enn. Auk þessara stöðugilda sem vantar á gefnum degi vænta leikskólastjórar þess að þeir þurfi að ráða í um 51 önnur stöðugildi í stað núverandi starfsfólks sem mun fara í leyfi að hætta störfum á komandi vikum og mánuðum.



Í grunnskóla á eftir að ráða í 75,5 stöðugildi samanborið við 57,5 stöðugildi þann 25. ágúst 2022 en það gerist margvíslegt á fyrstu dögum skólaársins. Skólasetning var í grunnskólum borgarinnar daginn sem stöðutakan fór fram. Flest stöðugildi sem er verið að ráða í, samtals tæp 59 stöðugildi, eru stuðningsfulltrúar en þeir eru í flestum tilvikum ráðnir í upphafi skólaárs.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 84 stöðugildi eða um 178 starfsfólk sem er eins og staðan var 25. ágúst 2022. Ráðið hefur verið í um 69% stöðugilda en ráðningar eru í fullum gangi og staðan breytist á degi hverjum. Mikið af starfsfólki frístundaheimila eru námsmenn þar sem um hlutastörf er að ræða. Staðan á biðlistum breytist því daglega en þann 22. ágúst, sem var daginn fyrir fyrsta starfsdag frístundaheimilanna voru 1.650 börn á biðlista af þeim 3.875 börnum sem eru með virka umsókn. 317 þessara barna eru í hlutavistun. 94% frístundaheimilanna hefur náð umbeðinni vistun í 1. bekk, tæplega 60% frístundaheimilanna hafa náð umbeðinni vistun í 2. bekk en færri í 3. og 4. bekk.

Niðurstöðurnar eru nýttar til að greina stöðuna og beina stuðningi til þeirra starfstaða sem er í mönnunarvanda. Ákvarðanir um auglýsingaherferðir byggja jafnframt á þessum upplýsingum. Þá fá fagstjórar, stjórnendur og mannauðsráðgjafar í miðstöðvum góða yfirsýn yfir stöðuna og fjármálaráðgjafar og stjórnendur starfstaðanna stilla saman strengi hvaða heimildir eru til ráðninga.

Næsta fyrirhugaða stöðutaka er 19. september 2023.



Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

	Aðstoðar- leikskólastjóri	Grunnstöðugildi á deildum	Sérkennslu- stjóri	Úhlutuð sérkennsla	Samtals
Austurmiðstöð	1,0	18,9	2,0	17,3	39,2
Norðurmiðstöð	0,0	12,0	1,0	12,0	25,0
Suðurmiðstöð	0,0	7,0	1,0	6,7	14,7
Vesturmiðstöð	0,7	23,6	0,8	5,5	30,6
Samtals	1,7	61,5	4,8	41,5	109,4

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

	Afleysing v. undirbúnings- tíma og skammtíma- veikinda	Stöðugildi í eldhús (ef ekki er úthýst)
Austurmiðstöð	13,5	0,0
Norðurmiðstöð	8,5	0,0
Suðurmiðstöð	3,0	0,0
Vesturmiðstöð	9,3	0,0
Samtals	34,3	0,0

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða
Austurmiðstöð	22,5	45,0	3,0	6,0
Norðurmiðstöð	22,5	44,0	10,0	31,0
Suðurmiðstöð	8,0	16,0	3,5	7,0
Vesturmiðstöð	14,5	29,0		
Samtals	67,5	134,0	16,5	44,0

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.



	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af hlutvistun	Biðlisti	Hlutfall barna á biðlista
Austurmiðstöð	1346	702	7	635	47,2%
Norðurmiðstöð	1119	561	92	558	49,9%
Suðurmiðstöð	590	459	66	131	22,2%
Vesturmiðstöð	820	494	152	326	39,8%
Samtals	3875	2216	317	1650	42,6%

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykkt barna, hlutfall samþykkt barna í hlutavistun, fjöldi barna á biðlista, hlutfall á biðlista – Athugið, þetta var fyrsti dagur skólaársins og staðan gjörbreyttist á hverjum degi þessa allra fyrstu daga

	Stjórnun (aðstoðar- skólarstjórar, deildarstjórar)	Kennarar	Stuðningur	Önnur almenn stöðugildi	Samtals
Austurmiðstöð	1,0	4,0	14,3	2,0	21,3
Norðurmiðstöð	0,0	0,0	24,0	1,0	25,0
Suðurmiðstöð	1,0	3,0	3,8	2,0	9,8
Vesturmiðstöð	0,0	2,0	16,7	0,8	19,4
Samtals	2,0	9,0	58,7	5,8	75,5

Tafla 4 – Fjöldi stöðugilda í grunnskóla sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.